

Velferðarnefnd

Reykjavík, 14. nóvember 2013

UB: 1311/4.1.1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, 89. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna við ofangreinda tillögu.

Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af þjónustu við börn sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Á það ekki síst við um börn sem eru með fjölþættan vanda, þar sem oft er deilt um hvort veita eigi þeim þjónustu í heilbrigðiskerfinu eða á vegum barnaverndar. Telur hann því sérstaklega mikilvægt að móta stefnu í geðheilbrigðismálum barna, sem tekur á því hvaða skyldur hver og ein stofnun hefur gagnvart þessum börnum og fjölskyldum þeirra.

Í ljósi þess sem að framan greinir telur umboðsmaður barna mikilvægt að mótuð verði geðheilbrigðisstefna hér á landi. Hann vill þó áréttta mikilvægi þess að slík stefna fjalli sérstaklega um geðheilbrigðismál barna.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna
